

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1881****2022/EES/34/50****frá 26. október 2021****um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir imídaklópríð í eða á tilteknum afurðum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fódri úr plöntu- og dýrarikinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir imídaklópríð.
- 2) Að því er varðar imídaklópríð lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) fram rökstutt álit um endurskoðun á gildandi hámarksgildum leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ⁽²⁾. Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að fastsetja skilgreininguna á efnaleifum eingöngu sem imídaklópríð. Hún greindi frá áhættu fyrir neytendur sem varðar hámarksgildi leifa fyrir breiðblaða salatfífla. Því er rétt að lækka hámarksgildi leifa niður í sérstök magngreiningarmörk. Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir pekanhnetur, banana, tómata, paprikur, eggaldin, gúrkur, smágúrkur, dvergbíta og afurðir úr dýrarikinu. Fastsetja ætti hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.
- 3) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir sítrusávexti, þrúgur, aðalbláber, trönuber, okkur, aldin plantna af graskersætt með óætu hýði, baunir (með og án fræbelgs), ertur (með og án fræbelgs), baunir, jarðhnetur, kaffibaunir og humla og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti einnig að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan eins árs frá birtingu þessarar reglugerðar.
- 4) Tekið var tillit til gildandi CXL-hámarksgilda í rökstuddum álitum Matvælaöryggisstofnunarinnar. Að því er varðar CXL-hámarksgildin komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þau samrýmdust ekki skilgreiningu ESB á efnaleifum og mælti með því að færa gildandi CXL-hámarksgildin ekki á skrá í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005. Því er rétt að fastsetja þessi hámarksgildi leifa við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi.
- 5) Að því er varðar afurðir þar sem notkun viðkomandi plöntuverndarvöru er ekki heimilud og þar sem ekki liggja fyrir innflutningsvikmörk eða CXL-hámarksgildi ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 380, 27.10.2021, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjóð. ESB L 070, 16.3.2005, bls. 1.

(2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for imidacloprid according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(1), 5570.

- 6) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Niðurstöður þessara rannsóknarstofa voru þær að tækniþróun krefjist þess að fastsett sé sérstök magngreiningarmörk fyrir tilteknar vörur.
- 7) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 8) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.
- 9) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 10) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri heilsuvernd neytenda sé viðhaldið.
- 11) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.
- 12) Samþykkið fyrir imídaklópríði féll úr gildi 1. desember 2020 ⁽³⁾. Allir frestir sem aðildarríki kunna að hafa veitt renna út 1. júní 2022. Frekari endurskoðun á hámarksgildum leifa er fyrirhuguð eftir þann dag.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Að því er varðar virka efnið imídaklópríð í og á öllum afurðum, að undanskildum breiðblaða salatfflum, gildir reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, áfram um afurðir sem voru framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins fyrir 16. maí 2022.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. maí 2022.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 370, 6.11.2020, bls. 18.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. október 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi dálki fyrir imídaklópríð er bætt við í II. viðauka:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ^(*)	Imídaklópríð
1)	2)	3)
0100000	NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR	
0110000	Sítrusávéxtir	0,9 (+)
0110010	Greipaldin	(+)
0110020	Appelsínur	(+)
0110030	Sítrónur	(+)
0110040	Súraldin	(+)
0110050	Mandarínur	(+)
0110990	Annað (2)	(+)
0120000	Trjáhnetur	0,01 (*)
0120010	Möndlur	
0120020	Parahnetur	
0120030	Kasúhnetur	
0120040	Kastaníuhnetur	
0120050	Kókoshnetur	
0120060	Heslihnetur	
0120070	Goðahnetur	
0120080	Pekanhnetur	
0120090	Furuhnetukjarnar	
0120100	Pistasíuhnetur	
0120110	Valhnetur	
0120990	Annað (2)	
0130000	Kjarnaávéxtir	0,01 (*)
0130010	Epli	
0130020	Perur	
0130030	Kveði	
0130040	Trjámisþilsaldin	
0130050	Dúnepli/japansplómur	
0130990	Annað (2)	

1)	2)	3)
0140000	Steinaldin	0,01 (*)
0140010	Apríkósur	
0140020	Kirsuber (sæt)	
0140030	Ferskjur	
0140040	Plómur	
0140990	Annað (2)	
0150000	Ber og smá aldin	
0151000	a) Þrúgur	0,7 (+)
0151010	Vínber til neyslu	(+)
0151020	Vínþrúgur	(+)
0152000	b) Jarðarber	0,01 (*)
0153000	c) Klungurber	0,01 (*)
0153010	Brómber	
0153020	Daggarber	
0153030	Hindber (rauð og gul)	
0153990	Annað (2)	
0154000	d) Önnur smá aldin og ber	
0154010	Aðalbláber	5 (+)
0154020	Trönuber	5 (+)
0154030	Rífsber (rauð og hvít) og sólber	0,01 (*)
0154040	Stíkilsber (græn, rauð og gul)	0,01 (*)
0154050	Rósaldin	0,01 (*)
0154060	Mórber (svört og hvít)	0,01 (*)
0154070	Eplapýmiber/Miðjarðarhafstrjámisspilsaldin	0,01 (*)
0154080	Yllyber	0,01 (*)
0154990	Annað (2)	0,01 (*)
0160000	Ýmis aldin með	0,01 (*)
0161000	a) Ætu hýði	
0161010	Döðlur	
0161020	Fíkjur	
0161030	Ólífur til átu	
0161040	Gullappelsínur	
0161050	Stjörnualdin	
0161060	Gallaldin	
0161070	Jövuplómur	
0161990	Annað (2)	

1)	2)	3)
0162000	b) Óætu hýði, lítil	
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)	
0162020	Litkaber	
0162030	Píslaraldin	
0162040	Kaktusfíkjur	
0162050	Stjörmuepli	
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	
0162990	Annað (2)	
0163000	c) Óætu hýði, stór	
0163010	Lárperur	
0163020	Bananar	
0163030	Mangó	
0163040	Papæjaldin	
0163050	Granatepli	
0163060	Morgunberkjur	
0163070	Gvövrur	
0163080	Ananas	
0163090	Brauðaldin	
0163100	Dáraaldin	
0163110	Nónberkjur	
0163990	Annað (2)	
0200000	NÝTT eða FRYST GRÆNMETI	
0210000	Rótar- og hnýðisgrænmeti	0,01 (*)
0211000	a) Kartöflur	
0212000	b) Hitabeltísrótar- og hnýðisgrænmeti	
0212010	Kassavarætur	
0212020	Sætar kartöflur	
0212030	Mjölrótarhnýði	
0212040	Örvarætur	
0212990	Annað (2)	
0213000	c) Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykkurófum undanskildum	
0213010	Rauðrófur	
0213020	Gulrætur	
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí	
0213040	Piparrót	
0213050	Ætihnúðar	
0213060	Nípur	
0213070	Steinseljurætur	
0213080	Hreðkur	

1)	2)	3)
0213090	Hafursrætur	
0213100	Gulrófur	
0213110	Næpur	
0213990	Annað (2)	
0220000	Laukar	0,01 (*)
0220010	Hvítlaukur	
0220020	Laukar	
0220030	Skalottlaukar	
0220040	Vorlaukar og pípulaukar	
0220990	Annað (2)	
0230000	Aldingrænmeti	
0231000	a) Náttskuggaætt og stokkrósaætt	
0231010	Tómatar	0,3
0231020	Paprikur	0,9
0231030	Eggaldin	0,3
0231040	Okrur	0,5 (+)
0231990	Annað (2)	0,01 (*)
0232000	b) Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði	
0232010	Gúrkur	0,5
0232020	Smágúrkur	0,4
0232030	Dvergbitar	0,4
0232990	Annað (2)	0,01 (*)
0233000	c) Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði	0,15 (+)
0233010	Melónur	(+)
0233020	Risagrasker	(+)
0233030	Vatnsmelónur	(+)
0233990	Annað (2)	(+)
0234000	d) Sykurmaís	0,01 (*)
0239000	e) Annað aldingrænmeti	0,01 (*)
0240000	Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)	0,01 (*)
0241000	a) Blómstrandi kál	
0241010	Spergilkál	
0241020	Blómkál	
0241990	Annað (2)	

1)	2)	3)
0242000	b) Kálhöfuð	
0242010	Rósakál	
0242020	Höfuðkál	
0242990	Annað (2)	
0243000	c) Blaðkál	
0243010	Kínakál	
0243020	Grænkál	
0243990	Annað (2)	
0244000	d) Hnúðkál	
0250000	Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm	
0251000	a) Salat og salatplöntur	0,01 (*)
0251010	Vorsalat/strábrúða	
0251020	Salat	
0251030	Breiðblaða salatfíflar	
0251040	Karsi og aðrar spírir og sprotar	
0251050	Vetrarkarsi	
0251060	Klettasalat	
0251070	Sinnepskál	
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni Brassica)	
0251990	Annað (2)	
0252000	b) Spínat og áþekkt blöð	0,01 (*)
0252010	Spínat	
0252020	Súpugull	
0252030	Blaðbeðjur	
0252990	Annað (2)	
0253000	c) Vínviðarlauf og áþekkar tegundir	0,01 (*)
0254000	d) Brunnerperla	0,01 (*)
0255000	e) Jólasalat/salatfíflar	0,01 (*)
0256000	f) Kryddjurtir og æt blóm	0,05 (*)
0256010	Kerfill	
0256020	Graslaukur	
0256030	Blöð af sellerí	
0256040	Steinselja	
0256050	Salvía	
0256060	Rósmarín	
0256070	Garðablóðberg	

1)	2)	3)
0256080	Basilíka og æt blóm	
0256090	Lárviðarlauf	
0256100	Fáfnisgras	
0256990	Annað (2)	
0260000	Belgávextir	
0260010	Baunir (með fræbelg)	5 (+)
0260020	Baunir (án fræbelgs)	2 (+)
0260030	Ertur (með fræbelg)	5 (+)
0260040	Ertur (án fræbelgs)	2 (+)
0260050	Linsubaunir	0,01 (*)
0260990	Annað (2)	0,01 (*)
0270000	Stöngulgrænmeti	0,01 (*)
0270010	Sperglar	
0270020	Salatþistlar	
0270030	Sellerí	
0270040	Hnúðfenníkur	
0270050	Ætiþistlar	
0270060	Blaðlaukar	
0270070	Rabarbarar	
0270080	Bambussprotar	
0270090	Pálmakjarnar	
0270990	Annað (2)	
0280000	Sveppir, mosar og fléttur	0,01 (*)
0280010	Ræktaðir sveppir	
0280020	Villtir sveppir	
0280990	Mosar og fléttur	
0290000	Þörungar og dreifkjörnungslífverur	0,01 (*)
0300000	BELGÁVEXTIR	
0300010	Baunir	2 (+)
0300020	Linsubaunir	0,01 (*)
0300030	Ertur	0,01 (*)
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir	0,01 (*)
0300990	Annað (2)	0,01 (*)
0400000	OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN	
0401000	Olíufræ	
0401010	Höfræ	0,01 (*)
0401020	Jarðhnetur	0,5 (+)
0401030	Valmúafæ	0,01 (*)
0401040	Sesamfræ	0,01 (*)

1)	2)	3)
0401050	Sólblómafræ	0,01 (*)
0401060	Repjufræ	0,01 (*)
0401070	Sojabaunir	0,01 (*)
0401080	Mustarðsfræ	0,01 (*)
0401090	Baðmullarfræ	0,01 (*)
0401100	Risagraskersfræ	0,01 (*)
0401110	Litunarþistilsfræ	0,01 (*)
0401120	Hjólkrónufræ	0,01 (*)
0401130	Akurdoðrufrae	0,01 (*)
0401140	Hampfræ	0,01 (*)
0401150	Kristpálmafræ	0,01 (*)
0401990	Annað (2)	0,01 (*)
0402000	Olíurík aldin	0,01 (*)
0402010	Ólífur til olíuframléiðslu	
0402020	Olíupálmakjarnar	
0402030	Olíupálmaaldin	
0402040	Dúnviðaraldin	
0402990	Annað (2)	
0500000	KORNVÖRUR	0,01 (*)
0500010	Bygg	
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkornategundir	
0500030	Maís	
0500040	Hirsi	
0500050	Hafrar	
0500060	Hrísgrjón	
0500070	Rúgur	
0500080	Dúrri	
0500090	Hveiti	
0500990	Annað (2)	
0600000	TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ	
0610000	Te	0,05 (*)
0620000	Kaffibaunir	1 (+)
0630000	Jurtate úr	0,05 (*)
0631000	a) Blómum	
0631010	Gæsajurt	
0631020	Læknaakólfur	
0631030	Rósir	
0631040	Jasmína	

1)	2)	3)
0631050	Lindiblóm	
0631990	Annað (2)	
0632000	b) Blöðum og kryddjurtum	
0632010	Jarðarber	
0632020	Rauðrunnalauf	
0632030	Indíánaþyrnislaufr	
0632990	Annað (2)	
0633000	c) Rótum	
0633010	Garðabrúða	
0633020	Ginseng	
0633990	Annað (2)	
0639000	d) Öðrum plöntuhlutum	
0640000	Kakóbaunir	0,05 (*)
0650000	Jóhannesarbrauð	0,05 (*)
0700000	HUMLAR	15 (+)
0800000	KRYDD	
0810000	Krydd úr fræjum	0,05 (*)
0810010	Anís/anísfræ	
0810020	Ilmfrú	
0810030	Sellerí	
0810040	Kóríander	
0810050	Kúmín	
0810060	Dill	
0810070	Fenníkur	
0810080	Grikkjasmári	
0810090	Múskat	
0810990	Annað (2)	
0820000	Aldinkrydd	0,05 (*)
0820010	Allrahanda	
0820020	Kínapipar	
0820030	Kúmen	
0820040	Kardimommur	
0820050	Einiber	
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)	
0820070	Vanilla	
0820080	Tamarind	
0820990	Annað (2)	

1)	2)	3)
0830000	Barkarkrydd	0,05 (*)
0830010	Kanill	
0830990	Annað (2)	
0840000	Krydd úr rótum og jarðstönglum	
0840010	Lakkrís	0,05 (*)
0840020	Engifer (10)	
0840030	Túrmerik/gullinrót	0,05 (*)
0840040	Piparrót (11)	(+)
0840990	Annað (2)	0,05 (*)
0850000	Blómhnappakrydd	0,05 (*)
0850010	Negull	
0850020	Kapers	
0850990	Annað (2)	
0860000	Frævakrydd	0,05 (*)
0860010	Saffran	
0860990	Annað (2)	
0870000	Frækápukrydd	0,05 (*)
0870010	Múskatblóm	
0870990	Annað (2)	
0900000	SYKURPLÖNTUR	0,01 (*)
0900010	Sykkurófurætur	
0900020	Sykkureyr	
0900030	Kaffifíflsrætur	
0900990	Annað (2)	
1000000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR	
1010000	Vörur úr	0,01 (*)
1011000	a) Svínur	
1011010	Vöðvi	
1011020	Fita	
1011030	Lifur	
1011040	Nýru	
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1011990	Annað (2)	
1012000	b) Nautgripur	
1012010	Vöðvi	
1012020	Fita	
1012030	Lifur	
1012040	Nýru	

1)	2)	3)
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1012990	Annað (2)	
1013000	c) Sauðfé	
1013010	Vöðvi	
1013020	Fita	
1013030	Lifur	
1013040	Nýru	
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1013990	Annað (2)	
1014000	d) Geitum	
1014010	Vöðvi	
1014020	Fita	
1014030	Lifur	
1014040	Nýru	
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1014990	Annað (2)	
1015000	e) Hestum	
1015010	Vöðvi	
1015020	Fita	
1015030	Lifur	
1015040	Nýru	
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1015990	Annað (2)	
1016000	f) Alifuglum	
1016010	Vöðvi	
1016020	Fita	
1016030	Lifur	
1016040	Nýru	
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1016990	Annað (2)	
1017000	g) Öðrum öldum landdýrum	
1017010	Vöðvi	
1017020	Fita	
1017030	Lifur	
1017040	Nýru	
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1017990	Annað (2)	

1)	2)	3)
1020000	Mjólk	0,01 (*)
1020010	Nautgripir	
1020020	Sauðfé	
1020030	Geitur	
1020040	Hestar	
1020990	Annað (2)	
1030000	Fuglsegg	0,01 (*)
1030010	Hænsni	
1030020	Endur	
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað (2)	
1040000	Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)	0,05 (*)
1050000	Froskdýr og skriðdýr	0,01 (*)
1060000	Landhryggleysingjar	0,01 (*)
1070000	Vilt landhryggdýr	0,01 (*)
1100000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)	
1200000	AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU NOTAÐIR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)	
1300000	UNNIN MATVÆLI (9)	

(*) Neðri greiningarmörk

(^a) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

Imídaklópríð

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um prófanir á leifum og greiningar- og/eða staðfestingaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 27. október 2022 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0620000 Kaffibaunir

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 27. október 2022 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0110000 Sítrusávéxtir

0110010 Greipaldin

0110020 Appelsínur

0110030 Sítrónur

0110040 Súraldin

0110050 Mandarínur

0110990 Annað (2)

0151000 a) Þrúgur

0151010 Vínber til neyslu

0151020 Vínþrúgur
0154010 Aðalbláber
0154020 Trönuber
0231040 Okrur
0233000 c) Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði
0233010 Melónur
0233020 Risagrasker
0233030 Vatnsmelónur
0233990 Annað (2)
0260010 Baunir (með fræbelg)
0260020 Baunir (án fræbelgs)
0260030 Ertur (með fræbelg)
0260040 Ertur (án fræbelgs)
0300010 Baunir
0401020 Jarðhnetur
0700000 HUMLAR

Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í hópnum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetishópi, rótar- og hnýðisgrænmetishópi (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót (11)“

- 2) Í A-hluta III. viðauka fellur dálkurinn fyrir imídaklópríð brott.
-